

AUGLÝSING

um staðfestingu stofnsamnings fyrir Héraðsskjalasafn Austfirðinga bs.

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi stofnsamning fyrir byggðasamlagið Héraðsskjalasafn Austfirðinga bs. en stofnendur samlagsins eru sveitarfélög á Austurlandi.

Byggðasamlagið er stofnað samkvæmt 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er tilgangur þess að annast söfnun skjala aðildarsveitarfélaganna og stofnana þeirra aðila sem samkvæmt lögum bera afhendingarskyldu gagnvart héraðsskjalasafni.

Innviðaráðuneytinu, 12. september 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.

Fylgiskjal.

STOFNSAMNINGUR

fyrir byggðasamlagið Héraðsskjalasafn Austfirðinga bs.

Múlaþing, Fjarðabyggð, Fljótisdalshreppur og Vopnafjarðarhreppur gera með sér samning um Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

1. gr.

Sveitarstjórnir framangreindra sveitarfélaga hafa samþykkt að gerast aðilar að byggðasamlagi um byggingu og rekstur Héraðsskjalasafns Austfirðinga og starfar byggðasamlagið í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, IX. kafla.

Safnið er sjálfstætt opinbert skjalasafn sem lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands. Héraðsskjalasafnið hefur þau réttindi og á því hvíla þær skyldur sem kveðið er á um í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 með síðari breytingum og í reglugerðum með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna og tekur efni stofnsamnings þessa mið af þeim.

2. gr.

Hlutverk Héraðsskjalasafns Austfirðinga er:

1. Að annast söfnun skjala aðildarsveitarfélaga og stofnana þeirra aðila sem samkvæmt lögum bera afhendingarskyldu gagnvart héraðsskjalasafni. Einnig leitist Héraðsskjalasafnið við að safna öðrum skjölum, svo sem einkaskjölum og ljósmyndum, sem hafa sérstaka þýðingu fyrir menningararfleifð og sögu á starfssvæði safnsins.
2. Að skrásetja öll afhent skjalasöfn hvert um sig og birta skrár um þau til leiðbeiningar við notkun þeirra. Einnig að tryggt sé að aðgengi almennings að skjölum í vörslu safnsins sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
3. Að hafa eftirlit með og veita ráðgjöf um skjalavörslu afhendingarskyldra aðila.
4. Að viðhalda og varðveita Bókasafn Halldórs Ásgrímssonar og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur í samræmi við ákvæði gjafabréfs dags. 17. apríl 1974 og samkvæmt samþykkt aðalfundar fulltrúaráðs Héraðsskjalasafnsins frá 25. nóvember 2010.
5. Að hafa samstarf við Skjala- og myndasafn Norðfjarðar samkvæmt sérstöku samkomulagi Héraðsskjalasafnsins við bæjarstjórn Fjarðabyggðar, sbr. 9. gr.

3. gr.

Eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar skulu sveitarstjórnir tilnefna fjóra fulltrúa í stjórn Héraðsskjalasafnsins og jafnmarga til vara. Skal einn fulltrúi auk varamanns tilnefndur af sveitarstjórn

Múlaþings, einn fulltrúi auk varamanns tilnefndur af bæjarstjórn Fjarðabyggðar, einn fulltrúi auk varamanns tilnefndur af sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps og einn fulltrúi auk varamanns tilnefndur af sveitarstjórn Fljótsdalshrepps.

Sveitarstjórnnum er heimilt að tilnefna nýjan aðila í stjórn á starfstíma stjórnar. Skal sveitarstjórn tilkynna stjórn Héraðsskjalasafnsins um að fyrri tilnefning falli niður og hver sé tilnefndur í hans stað. Ef aðalmaður í stjórn Héraðsskjalasafnsins hættir störfum eða flytur burt af starfssvæði safnsins skal viðkomandi sveitarstjórn tilnefna annan fulltrúa í hans stað. Hið sama gildir ef varamaður lætur af störfum af sambærilegum ástæðum.

Ný stjórn Héraðsskjalasafnsins taki til starfa að afloknum aðalfundi safnsins, eftir að fyrri stjórn hefur skilað skýrslu, ársreikningi og fjárhagsáætlun. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum þannig: formaður, varaformaður og meðstjórnendur. Forstöðumaður safnsins annast að öllu jöfnu ritun fundargerða. Aldursforseti í kjörinni stjórn stýrir fyrsta fundi þar til formaður hefur verið kjörinn. Fundargerðir skal færa skipulega í sérstaka fundargerðabók, þar skulu öll framkomin mál skráð og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Frágangur fundargerða skal annars taka mið af 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Fundargerðir skal senda til aðildarsveitarfélaganna.

4. gr.

Til að tryggja að saman fari fagleg og fjárhagsleg ábyrgð fer stjórn með málefni byggðasamlagsins milli aðalfunda. Stjórn er hvorki heimilt að skuldbinda safnið fjárhagslega, né heldur á neinn hátt að skuldbinda aðildarsveitarfélögin fjárhagslega, umfram samþykktu fjárhagsáætlun. Ekki er þörf á að ákvarðanir stjórnar séu staðfestar af sveitarstjórnnum, svo fremi að þær séu innan ramma samþykkrar fjárhagsáætlunar safnsins, í samræmi við starfssvið Héraðsskjalasafnsins og settar fram í þess nafni.

Stjórn og forstöðumaður skulu fyrir lok júní ár hvert senda fjárhagsáætlun og áætlun um skiptingu rekstrarframlaga á komandi ári til aðildarsveitarfélaganna. Sveitarfélögin skulu strax að lokinni staðfestingu fjárhagsáætlana sinna tilkynna Héraðsskjalasafninu um framlög þeirra til safnsins. Um formlega afgreiðslu fjárhagsáætlunar á aðalfundi segir nánar í 6. gr.

Stjórn byggðasamlagsins er ekki heimilt að gera samninga við einkaaðila eða einstök aðildarsveitarfélög um það grundvallarhlutverk að varðveita gögn sem varða stjórnsýslu og hagsmuni sveitarfélaganna og annarra skilaskyldra aðila sem og réttindi borgaranna. Stjórn er heimilt að gera samninga við einkaaðila eða einstök aðildarsveitarfélög um rekstartengd verkefni svo sem endurskoðun og bókhald.

Umboð stjórnar samlagsins til ákvarðanatöku takmarkast aðeins af samningi þessum og þeim lögum sem gilda hverju sinni s.s. sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og ákvæðum þeirra um fjármál sveitarfélaga. Aðeins er þörf á staðfestingu aðildarsveitarfélaganna á ákvörðunum stjórnar samlagsins sé um að ræða meiriháttar ákvarðanir eða breytingar á rekstri þess. Um valdheimildir Héraðsskjalasafnsins fer eftir lögum, nr. 77/2014, um opinber skjalasöfn.

5. gr.

Stjórnarfundi skal halda þegar stjórn telur henta. Formaður stjórnar lætur boða stjórnarfundi. Fundarboð með dagskrá skal sent stjórnarmönnum skriflega a.m.k. viku fyrir ráðgerðan fundardag. Stjórnarfundi og aðalfundi er heimilt að halda í fjarfundi í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Fundir stjórnar eru ályktunarhæfir séu þeir boðaðir í samræmi við samþykkt þessa og ef þá situr hið minnsta helmingur aðalfulltrúa í stjórn.

6. gr.

Aðalfundur Héraðsskjalasafnsins skal haldinn eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Skal leitast við að dreifa staðsetningu aðalfunda um starfssvæðið. Til aðalfundar boðar stjórn eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundardag.

Eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund skal öllum aðildarsveitarfélögunum hafa verið send dagskrá aðalfundar, ársreikningar fyrir næstliðið starfsár og fjárhagsáætlun komandi starfsárs þar sem fram kemur áætlað framlag hvers og eins sveitarfélags og áætlaðar breytingar milli ára miðað við niðurstöðutölu áætlunarinnar. Með samþykkt fjárhagsáætlunar er jafnframt ákveðið heildarframlag

aðildarsveitarfélaganna fyrir viðkomandi starfsár, sbr. 9. gr. Form ársreiknings og fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við reikningsskilareglur sveitarfélaga.

Á aðalfundi skal formaður flytja skýrslu um störf stjórnar frá síðasta aðalfundi. Forstöðumaður kynnir ársskýrslu um starfsemi safnsins á liðnu ári og gerir grein fyrir áformum um helstu viðfangsefni komandi starfsárs í samræmi við framlagða fjárhagsáætlun.

Á aðalfundi skulu eftirtalin mál afgreidd með atkvæðagreiðslu:

- Kjörbréf og umboð fulltrúa sveitarfélaga á fundinum.
- Reikningar næstliðins starfsárs.
- Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár.
- Kjör löggilda endurskoðanda.
- Önnur mál, eftir því sem dagskrá fundarins segir til um.

Aðalfundur er löglegur sé til hans boðað í samræmi við samning þennan, eða ef fulltrúar allra aðildarsveitarfélaga mæta á fundinn og staðfesta lögmæti hans. Aðalfundur er ályktunarhæfur sé hann löglegur og ef hann sitja fulltrúar sem fara með hið minnsta helming atkvæða aðildarsveitarfélaganna sem úthlutað er skv. 7. gr. sammings þessa. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála á aðalfundi nema samningur þessi kveði á um annað.

Einn þriðji hluti aðildarsveitarfélaganna eða a.m.k. tveir stjórnarmenn geta farið fram á auka-aðalfund, enda sé fundarefni tilgreint. Skulu slíkir fundir haldnir eigi síðar en þrem vikum eftir að lögleg ósk þess efnis kemur fram. Í slíkum tilfellum nægir að senda út gögn, er varða ástæður auka-aðalfundar, einni viku fyrir fundardag.

7. gr.

Sérhver sveitarstjórn á starfssvæði Héraðsskjalasafnsins kýs árlega a.m.k. einn fulltrúa og annan til vara á aðalfund safnsins. Aðalmenn í stjórn Héraðsskjalasafnsins skulu sitja aðalfund en þá má ekki skipa sem aðalfundarfulltrúa. Séu fulltrúar sveitarfélags fleiri en einn skal á kjörbréfi getið um skiptingu atkvæða viðkomandi sveitarfélags milli þeirra. Forfallist bæði aðal- og varamaður sem sveitarfélag hefur tilnefnt á aðalfund er heimilt að veita fulltrúa annars sveitarfélags umboð til að fara með atkvæði viðkomandi sveitarfélags á fundinum. Framkvæmdastjórn sveitarfélaga, eða staðgenglar þeirra, eiga rétt á að sitja aðalfundi sem áheyrnarfulltrúar, séu þeir ekki tilnefndir fulltrúar á fundi. Hvert sveitarfélag greiðir ferða- og upphaldskostnað sinna fulltrúa.

Regla um vægi atkvæða á aðalfundi er svohljóðandi:

Fulltrúi frá sveitarfélagi sem hefur 200 íbúa eða færri fer með eitt atkvæði. Hverjum 350 íbúum eða broti af þeirri tölu umfram fyrstu 200 íbúana fylgir eitt atkvæði fyrir fulltrúa viðkomandi sveitarfélaga.

| Íbúar | | | Íbúar | | | Íbúar | | | Íbúar | | |
|-------|-------|---------|-------|-------|---------|-------|-------|---------|-------|-------|---------|
| Frá | Til | Atkvæði | Frá | Til | Atkvæði | Frá | Til | Atkvæði | Frá | Til | Atkvæði |
| 1 | 200 | 1 | 1.601 | 1.950 | 6 | 3.351 | 3.700 | 11 | 5.101 | 5.450 | 16 |
| 201 | 550 | 2 | 1.951 | 2.300 | 7 | 3.701 | 4.050 | 12 | 5.451 | 5.800 | 17 |
| 551 | 900 | 3 | 2.301 | 2.650 | 8 | 4.051 | 4.400 | 13 | 5.801 | 6.050 | 18 |
| 901 | 1.250 | 4 | 2.651 | 3.000 | 9 | 4.401 | 4.750 | 14 | 6.051 | 6.400 | 19 |
| 1.251 | 1.600 | 5 | 3.001 | 3.350 | 10 | 4.751 | 5.100 | 15 | 6.401 | 6.750 | 20 |

8. gr.

Stjórn ræður forstöðumann sem er framkvæmdastjóri safnsins. Skal stjórn leitast við að ráða til starfsins einstakling með menntun og/eða starfsreynslu sem nýtist í starfinu. Í ráðningarsamningi skal kveða á um launakjör forstöðumanns, vinnutíma, orlof, lífeyri og uppsagnarfrest af hendi hvors aðila.

Forstöðumaður hefur með höndum ráðningu annarra starfsmanna safnsins. Skal forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun safnsins, auk annarra verkefna sem stjórn eða aðalfundur felur honum. Um hlutverk forstöðumanns kveður nánar á um í starfslýsingu sem stjórn gerir. Starfslýsinguna skal endurskoða á fimm ára fresti eða eftir því sem þörf krefur.

Forstöðumaður skal sitja stjórnarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ber þó að víkja af fundum þegar stjórn fjallar um mál er varða hann sérstaklega. Stjórn er heimilt að boða aðra starfsmenn á fundum eftir þörfum. Forstöðumaður skal framfylgja ákvörðunum sem teknar eru á fundum stjórnar.

9. gr.

Tekjur Héraðsskjalasafns Austfirðinga samkvæmt fjárhagsáætlun eru:

- a) Sértekjur og þjónustugjöld.
- b) Árlegur rekstrarstyrkur úr ríkissjóði samkvæmt því sem kveður á um í fjárlögum hverju sinni.
- c) Árleg framlög aðildarsveitarfélaga.

Framlögum samkvæmt c-lið skal skipt í hlutfalli við niðurstöður sameiginlegra skatttekna í ársreikningum sveitarfélaganna árið áður en fjárhagsáætlun er samin. Framlaginu skal skipt í tvennt á eftirfarandi hátt:

70% greiðast af öllum sveitarfélögum sem að samningnum standa.

30% greiðast af sveitarfélögum Múlaþingi og Fljótsdalshreppi.

Sveitarfélög greiða framlög til Héraðsskjalasafnsins með mánaðarlegum greiðslum. Gjald dagar eru 12 á ári, fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Heimilt er að reikna dráttarvexti á framlög sveitarfélaganna skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, berist þau ekki í síðasta lagi 15. dag hvers mánaðar.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga tekur þátt í rekstrarkostnaði Skjala- og myndasafns Norðfjarðar og greiðir til Fjarðabyggðar sem nemur 7,1% af heildarframlagi aðildarsveitarfélaganna til Héraðsskjalasafnsins eins og það er á fjárhagsáætlun hvert ár. Komi til breytinga á niðurstöðum ársreiknings miðað við samþykktu fjárhagsáætlun skal leiðrétta endurgreiðsluna til samræmis við niðurstöður ársreiknings þegar uppgjör liggur fyrir.

Komi til nýrra stofnfrankvæmda við Héraðsskjalasafn Austfirðinga skal gera um kostnaðarskiptingu sérstakt samkomulag á aðalfundi Héraðsskjalasafnsins.

Til Bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar skal verja að lágmarki því sem nemur 7% af heildarframlagi aðildarsveitarfélaganna til Héraðsskjalasafnsins.

10. gr.

Sveitarfélög þau sem aðild eiga að byggðasamlaginu bera einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum þess í sameiningu. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við fólksfjölda eins og hann var næstliðinn 1. desember. Eignarhluti hvers aðildarsveitarfélags reiknast árlega í samræmi við hlutdeild viðkomandi sveitarfélags í rekstrarframlögum þess árs, sbr. c-lið 9. gr. samnings þessa.

11. gr.

Samningur þennan skal endurskoða innan 10 ára frá gildistöku hans. Tillögur að breytingum á samningi þessum skal leggja fyrir aðalfund þar sem þær skulu kynntar og greidd um þær atkvæði. Reynist tillögurnar hafa stuðning meirihluta atkvæða ber að vísa þeim til viðkomandi sveitarstjórna. Til þess að breytingar á samningnum öðlist gildi þurfa sveitarstjórnir sem ráða yfir 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi að staðfesta þær.

12. gr.

Óski aðildarsveitarfélags eftir úrsögn úr byggðasamlaginu, skal fulltrúi þess birta tilkynningu þess efnis á aðalfundi. Tekur úrsögnin gildi við lok næstkomandi almanaksárs frá því tilkynningin er birt.

Áður innborguð framlög endurgreiðast ekki við úrsögn og skal úrsagnaraðili gera skil á framlagi sínu til þess tíma að úrsögnin tekur gildi. Sveitarfélög sem segir sig úr byggðasamlaginu á ekki rétt á innlausn eignarhlutar síns við úrsögnina.

Við úrsögn úr samlaginu á sveitarfélög sem gengur úr því ekki rétt á að fá afhent skjöl sem það eða stofnanir þess hafa áður afhent Héraðsskjalasafninu til varðveislu. Héraðsskjalasafni Austfirðinga er heimilt að afhenda slík gögn á annað opinbert skjalasafn, sé varðveisla þeirra þar í samræmi við fyrirmæli laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Sameinist sveitarfélög á starfssvæði Héraðsskjalasafnsins skal það sveitarfélög sem til verður við sameininguna taka við skuldbindingum forvera sinna gagnvart Héraðsskjalasafninu.

13. gr.

Byggðasamlag um Héraðsskjalasafn Austfirðinga skal leggja niður ef:

- a) Aðildarsveitarfélög sem hafa yfir að ráða 2/3 gildra atkvæða samþykkja slíka tillögu sem áður hefur verið rædd og samþykkt á aðalfundi.
- b) Breytingar á lögum gera það nauðsynlegt.

Verði byggðasamlaginu slitið skal aðalfundur kjósa þriggja manna skiptastjórn sem gerir upp eignir þess og skuldir og slítur rekstri þess. Heimilt er skiptastjórn að auglýsa eftir kröfum á hendur byggðasamlaginu með opinberri innköllun. Eftir að kröfur hafa verið greiddar skal afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda skipt milli aðildarsveitarfélaga í samræmi við eignarhlut þeirra, sbr. 10. gr. samnings þessa, eða samkvæmt samkomulagi milli aðildarsveitarfélaganna.

Komi til slita á byggðasamlaginu og skipta á eignum þess skal þó ekki skipta hinu upprunalega bókasafni Halldórs Ásgrímssonar og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur upp heldur skal eitt aðildarsveitarfélaganna sjá um ráðstöfun þess í einu lagi, eftir föngum í samráði við fulltrúa erfingja þeirra hjóna.

14. gr.

Stofnsamningurinn var fyrst samþykktur á stofnfundi byggðasamlagsins 29. apríl 1992. Honum hefur síðar verið breytt vegna sameiningar sveitarfélaga og breytinga á lögum og reglugerðum.

Samningur þessi tekur gildi með staðfestingu innviðaráðuneytisins.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. samnings þessa skal stjórn sem kjörin var á aðalfundi Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. í desember 2020 sitja fram að aðalfundi 2022.

Skoðunarmenn ársreikninga sem kjörnir voru á aðalfundi Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. í desember 2020 skulu halda umboði sínu þar til samningur þessi öðlast gildi.

Þannig samþykkt á aðalfundi Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. 10. desember 2021.